

Dóminum ber að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 19. febrúarmánaðar.

Nr. 33/1893:

Björn Hermannsson

gegn

Birni presti Þorlákssyni.

D ó m u r :

Litlu fyrir jól 1890 ljet presturinn Björn Þorláksson á Dvergasteini birta Birni bónda Hermannssyni útbýggingu af ábýli hans Selstöðum, tilheyrandi Dvergasteins prestakalli, til næstu fardaga þar eptir, en hinn 4. maí 1891 samdist svo með þeim skriflega, að Björn Hermannsson sagði lausum Selstöðum frá fardögum 1891, en áskildi sjer um leið, að vera þar næsta ár sem húsmaður, er meðal annars hefði öll landnot jarðarinnar gegn ákveðnu eptirgjaldi. Björn prestur Þorláksson þar á móti áskildi sjer, að fá í fardögum 1891 keypt öll þau hús, er Björn bóndi átti á jörðinni, fyrir hæfilegt verð eptir samkomulagi, eða eptir tveggja óvilhallra manna mati á þeim í fardögum 1891, en andvirðið átti þó eigi að greiða fyr en í fardögum 1892. Úttekt á jarðarhúsunum átti að gjöra í fardögum 1891. Var hún þá og gjörð og metið bæði álag á jörðina og hús hennar, og virt þau hús, er Björn bóndi átti þar sjálfur. Í fardögum 1892, er hann færi alfarinn, átti svo eptir samningnum að draga frá það, er húsin hefðu rýrnað í verði á árinu. Þar eptir sótti heilsulasleiki að Birni bónda, svo hann treystist eigi að sjá um hag

sinn, og fól hann því konu sinni hinn 28. marz 1892 að ráða í öllu fyrir búi sínu.

Nú liðu fardagar 1892 svo, að Björn bóndi eigi fór góðfúslega, eins og hann hafði undirgengizt, og var þá eptir beiðni Bjarnar prests byrjuð útburðargjörð á Birni Hermannssyni fyrir fógetarjetti 8. júní 1892, og mætti þar fyrir hönd hans kona hans Rannveig Stefánsdóttir ásamt ráðamanni, er sýslumaður skipaði henni.

Við sáttaumleitun fyrir rjettinum setti Björn prestur meðal annars þá kosti, að Björn bóndi mætti fardagaárið 1892—93 vera á Selstöðum, nota hálf t heimátúnið gegn ákveðnu afgangi, en húsin skyldi Björn prestur eiga öll, og afhenti hann í rjettinum 1296 kr., sem var verð húsa þeirra, er leiguliði hafði átt eptir úttekt í fardögum 1891, að frádregnu álagi fyrir rýrnun húsa síðasta árið og áskildum kostnaði. Hann áskildi sjer og, að sáttasamningur þessi skyldi gilda að eins til fardaga 1893, og ef eigi semdist öðruvísi, skyldu þau hjón þá fara góðviljuglega burtu af Selstöðum með allt sitt, en til tryggingar þessu afhenda rjettinum 1000 kr. Þessum samningi til staðfestu undirskrifaði Rannveig Stefánsdóttir ásamt ráðamanni sínum í fógetabókina.

Eptir beiðni Björns prests var fógetarjettur Norður-Múlasýslu settur að Selstöðum 1. júní 1893, til þess að borið væri úr húsum þeim, er Björn bóndi hafði átt og eigi voru jarðarhús (fiskihús og salthús), allt það, er hann ætti þar, og úrskurðaði fógetarjetturinn sama dag, að hús þessi skyldu þegar rýmd, og fengin í hendur gjörðarbeiðanda til fullrar eignar og umráða.

Hinn 5. sama mánaðar var eptir beiðni Björns prests af hlutaðeigandi hreppstjóra, er sýslumaður skip-

aði sem fógeta í forföllum sínum, Björn bóndi Hermannsson borinn út úr öðrum húsum á Selstöðum,

Fógetarjettarúrskurðinum 1. júní þ. á. og útburðargjörðinni 5. sama mánaðar hefur Björn Hermannsson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu útgefni 31. júlí f. á., og krafizt þess, að gjörðir þessar verði dæmdar ómerkar, hinn stefndi Björn prestur Þorláksson dæmdur að greiða skaðabætur allt að 4000 kr. fyrir rof á byggingarbrjefsafnotum m. m., og að hann og hinn stefndi fógeti in solidum greiði 500 kr. í skaðabætur fyrir ólöglega aðför og útburð 1. júní f. á. Til vara hefur hann krafizt ómerkingardóms á hinum áfrýjaða úrskurði og útburðargjörð og skaðabóta frá stefnda og fógetanum eptir dómkvaddra manna mati. Loks hefur hann, hvernig sem fer, krafizt málskostnaðar af hendi stefnda og fógétans in solidum.

Hinn stefndi þar á móti hefur krafizt frávísunar á máli þessu og kosts og tæringar, en til vara að úrskurðururinn og útburðargjörðin verði staðfest og þá málskostnaðar fyrir yfirdómi, og af hálfu hins stefnda fógeta hefur og verið krafizt kosts og tæringar eða málskostnaðar.

Frávísunarkrafan er byggð á því, að í fógetarjettinum 1. júní f. á. var lögð fram til bókar beiðni stefnda, dags. 24. maí f. á., en þetta skjal hefur eigi verið tekið upp í þær rjettargjörðir, sem framlagðar eru hjer í rjettinum, og heldur eigi beiðni stefnda um útburðargjörðina 5. júní f. á., dags. 2. s. m. Þetta síðara skjal hefur þó verið lagt fram í eptirriti hjer í rjettinum undir rekstri málsins.

Að vísu er það aðfinningarvert, að fógétinn eigi hefur innfært skjöl þessi í rjettargjörðirnar og hefur

hann afsakað það með því, að hann hafi eigi fyrra skjalið, sem hafi verið látið til afnota í öðru máli. Þar eð gjörðarbeiðandi mætti sjálfur og ítrekaði beiðni sína í rjettinum, svo dæma má um kröfur hans, virðist þó eigi ástæða til að vísa málinu frá fyrir þá sök.

Að því er snertir aðalefni málsins, spurninguna um lögmæti fógetaúrskurðarins 1. júní f. á. og útburðargjörðanna 1. og 5. s. m., þá getur enginn vafi á því leikið, hvernig sem að öðru leyti viðskiptum þeirra málsaðilanna hefur verið varið, samkvæmt samningum þeirra á milli — en um það verður eigi dæmt í þessu máli — að áfrýjandiinn var samkvæmt sáttasamningnum 8. júní 1892, sem samþykktur var af konu hans, er hann hafði falið öll umráð yfir búi sínu, skyldur að víkja af jörðinni Selstöðum í fardögum 1893 með allt sitt, kvikt og dautt, og þar sem hann samt sem áður sat kyr á jörðinni og vildi eigi flytja af henni í nefndum fardögum, átti landsdrottinn, hinn stefndi, heimting á, að hann væri borinn út af henni. Og að því sjerstaklega snertir útburðinn úr húsum þeim, er áfrýjandi hafði átt á jörðinni, þá virðist einnig með greindum samningi hafa samþykkt verið virðing þeirra og sala í hendur landsdrottni, svo að það getur eigi talizt gjörðinni til hnekkis, þó að einhverjir gallar kynnu að hafa verið á úttektargjörðum þeim, er verðið ákváðu upprunalega. Það getur heldur ekki orðið til ógildingar hinum áfrýjaða úrskurði eða útburðargjörð 1. júní f. á., að þá var úrskurðaður og framinn útburður úr 2 húsum á jörðinni (fiskihúsi og salthúsi), þótt eigi væri kominn nema 1. fardagur, því að bæði átti stefndi samkvæmt ábúðarlögunum sem viðtakandi rjett á, að komast að nokkru af húsunum þegar hinn 1. fardag,

sem hann eigi virðist hafa góðmótlega getað fengið, og auk þess hafði hann í samningnum 8. júní 1892 áskilið sjer rjett til að úthluta áfrýjanda af húsunum, því sem honum sýndist, og gat því skipað honum, að rýma til í húsunum eptir vild sinni. Á hinn bóginn bar það eigi undir fógætann, að úrskurða um eignarrjettinn að húsum þeim, er borið var út úr 1. júní (fiskihúsi og salthúsi), og ber því að ómerkja ákvæði úrskurðarins að því leyti.

Hinar áfrýjuðu útburðargjörðir 1. og 5. júní 1893 eiga því óraskaðar að standa, sem og úrskurður fógætarrjettarins, 1. júní f. á., að því í honum er ákveðið að áfrýjandinn skuli rýma úr fiskihúsi og salthúsi, og stefndi taka við húsunum til umráða.

Eptir atvikum virðist málskostnaður eiga að falla niður, einnig að því er snertir hinu stefnda fógæta, er hefur látið málsfærslumann stefnda mæta einnig fyrir sína hönd.

Því dæmist rjett að vera:

Hinar áfrýjuðu útburðargjörðir eiga óraskaðar að standa sem og úrskurður fógætarrjettarins 1. júní f. á., að því í honum er ákveðið, að áfrýjandinn Björn Hermannsson skuli rýma úr fiskihúsi og salthúsi og stefndi Björn prestur Þorláksson taka við húsum þessum til umráða, en vera úr gildi felldur, að því honum eru afhent tjeð hús til fullrar eignar. Málskostnaður falli niður.